



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um samstarf milli tónlistarskóla og leik- og grunnskóla

Á fundi skóla- og frístundaráðs 24. nóvember 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að farið verði í átak í að efla og laða fleiri tónlistarskóla til samstarfs við leik- og grunnskóla í þeim tilgangi að tónlistarnám barna verði hluti af skóladegi þeirra. Sýnt hefur verið fram á að tónlistarnám barna stuðli að bættum árangri þeirra í öðru námi, sem undirstrikar enn frekar mikilvægi tónlistarnáms skólabarna. Þá er lagt til að skoðað verði hvort útvíkka megi samstarfið þannig að tónlistarskólarnir sinni jafnframt tónmenntakennslu í þeim grunnskólum þar sem tónlistarkennslu er ekki sinnt í samræmi við aðalnámskrá og sumir árgangar fá enga tónmenntakennslu.

Stefna um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík til 2030 var samþykkt í skóla- og frístundaráði 12. janúar 2021. Eitt af meginmarkmiðum stefnunnar er að í Reykjavíkurborg sé öflugt samstarf tónlistarskóla og skólahljómsveita við leikskóla, grunnskóla, félagsmiðstöðvar og frístundaheimili.

Í skýrslu stýrihóps um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík til 2030 er fjallað um samstarf stofnana og hvatt til aukins samstarfs á milli ólíkra stofnanagerða þ.e. tónlistarskóla og skólahljómsveita og leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðva og annarra starfsstaða á skóla- og frístundasviði, auk menningarstofnana borgarinnar. Þá er áhersla á að stutt verði við samstarf með skýrum skilaboðum inn á vettvang alls skólastarfs í borginni.

Innleiðingaráætlun stefnunnar var samþykkt í skóla- og frístundaráði 29. mars 2022. Meðal verkefna í innleiðingaráætluninni eru:

- Samstarf við tónlistarskóla og nemendur tónlistarskóla. Heimsóknir tónlistarskólanemenda í leikskóla og heimsóknir leikskólabarna í tónlistarskóla.
- Grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar verði hvattar til að efla tónlistarflutning í skóla- og frístundastarfi þar sem nemendur í tónlistarnámi leika fyrir aðra nemendur og á opinberum viðburðum og í almennu skóla- og frístundastarfi.
- Kortlagning á tónlistarkennslu og möguleikum á tónlistarupplifun í grunnskólum og í frístundastarfi borgarinnar.



- Setja á laggirnar sjóð sem frístundaheimili og félagsmiðstöðvar í samstarfi við grunnskóla geta sótt í til að fá til sín tónlistarmenn til að hvetja og ýta undir tónlistarstarf og tónlistarviðburði með fræðslu og stuðningi til starfsfólks og barna/unglinga.
- Boðið verði upp á hópakennslu í hljóðfæraleik í Árbæjarskóla. Það verði gert í samstarfi við Tónlistarskóla Árbæjar með því að kosta eitt stöðugildi tónlistarkennara, sem tilraunaverkefni til tveggja ára. Kennt væri á píanó (allir aldurshópar), rafgítar (unglingastig) og samspil, trommur-gítar-hljómborð-bassi (unglingastig). Með því að hafa fjóra til fimm nemendur í hverjum hópi væri mögulegt að bjóða 90-110 áhugasömum nemendum í Árbæjarskóla og félagsmiðstöðinni Árseli upp á fría tónlistarkennslu í tvö ár.

Eitt þeirra verkefna sem getið er í nýrri innleiðingaráætlun er þegar hafið og snýr að samskiptum Árbæjarskóla og Tónlistarskóla Árbæjar. Verkefnið er tilraunaverkefni til tveggja ára og markmiðið að gefa fleiri börnum kost á að fá hljóðfærakennslu í litlum hópum og með stuðningi vandináms sem hannað er og þróað af Tónlistarskóla Árbæjar.